

Umsögn um frumvarp til laga
um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007,
með síðari breytingum (ákvörðun réttindahlutfalls örorkulífeyris).

Mál nr. S-131/2019

Ísafirði 20.05 2019

Í máli 8955/2016 úrskurðaði umboðsmaður Alþingis í máli A sem kvartaði undan úrskurði úrskurðarnefndar almannatrygginga þess efnis að greiðsluhlutfall örorkulífeyris hennar skyldi lækkað úr 47,14% í 21,79% í samræmi við nýjan útreikning á búsetuhlutfalli hennar á Íslandi.

Það var álit umboðsmanns að ekki yrði fundin skýr heimild í Evrópureglugerðinni fyrir því að skipta framreiknuðum búsetutíma hlutfallslega eftir lengd tryggingatímabila milli Íslands og annars EES-ríkis þegar umsækjandi nýti ekki bóta frá öðru EES-ríki og einnig taldi umboðsmaður tilefni til að vekja athygli Alþingis og félags- og jafnréttismálaráðherra á því að ákvæði laga um almannatryggingar um útreikning búsetutíma á Íslandi væru óskýr.

Í máli S-131/2019 er tekið tillit til þeirrar ábendingar Umboðsmanns að skýra lögin en þar segir í 1.gr.:

„Full réttindi ávinnast með búsetu hér á landi í a.m.k. 40 almanaksár frá 16 ára aldri til ellilífeyrisaldurs eins og hann er ákveðinn skv. 17. gr. laganna. Sé um skemmri tíma að ræða reiknast réttindi til örorkulífeyris í hlutfalli við búsetutímann. Við ákvörðun réttinda til örorkulífeyris skal reikna með tímann frá þeim degi sem umsækjandi er metinn til a.m.k. 75% örorku skv. b-lið 1. mgr. fram til ellilífeyrisaldurs umsækjanda í sama hlutfalli og nemur réttindum skv. 2. málslíð þessarar málsgreinar.“

Þarna er verið festa enn frekar í sessi þá meginreglu að örorkulífeyrir almannatrygginga skuli ávallt lækka hlutfallslega til samræmis við þann tíma sem bótaþegar hafi búi erlendis fyrir örorkumat, enda sé gert ráð fyrir því að viðkomandi njóti einnig bóta frá því ríki sem dvalið var í.



Fjölmenningarsetur telur að þessi meginregla hafi ákveðin vanda í för með sér, þ.e. að flestir lífeyrisþegar njóti ekki neinna bóta frá því ríki sem viðkomandi var búsettur í. Samkvæmt svörum félags- og jafnréttismálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi voru 88% örorkulífeyrisþega og 62% ellilífeyrisþega í þessari stöðu eða um það bil 1800 manns.

Félagslegur stuðningur fólks í þessari stöðu er mjög misjafn, sumir njóta stuðnings maka og fjölskyldu, aðrir ekki, innflytjendur hafa að jafnaði ekki eins öflugt stuðningsnet í kringum sig og Íslendingar, en gera má ráð fyrir að stór hluti þessa hóps sem hér um ræðir séu innflytjendur.

Allnokkrir innflytjendur í þessari stöðu hafa leitað á náðir Fjölmenningarseturs og eiga þeir það allir sameiginlegt að búa við sára fátækt, einstaklingar í þessari stöðu eiga erfitt með að halda heimili, fæða sig og klæða. Einu úrræðin sem Fjölmenningarsetur getur bent fólki í þessari stöðu á er að leita á náðir fjárhagsaðstoðar sveitarfélaganna eftir aðstoð (og eftir atvikum til góðgerðarsamtaka) til að sjá sér fyrir nauðpurftum.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er hugsað sem skammtímaúrræði. Sveitarfélögin hafa sett sér mismunandi reglur við úthlutun og nokkru munar á upphæðum eftir sveitarfélögum. Að mati Fjölmenningarseturs er það ekki æskileg staða að fólk sem hefur skertan lífeyri vegna búsetu erlendis sé á framfæri sveitarfélaga í lengri tíma, fyrir utan þann þrýsting sem þetta setur á félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags, en eins og gefur að skilja eru sveitarfélögin misjafnlega í stakk búin til þess að takast á við verkefnið.

Fjölmenningarsetur vill þess vegna nota tækifærið og hvetja stjórnvöld til þess að taka þetta vandamál föstum tökum og útfæra reiknireglur sínar þannig að það sé tekið tillit til þess þegar fólk nýtur ekki lífeyris eða sé með mjög lágar bætur frá fyrra búsetulandi, enda sé meginreglan sú að allir íbúar landsins eigi rétt til viðunandi framfærslu.

F.h. Fjölmenningarseturs,

Rúnar H. Haraldsson, forstöðumaður.